

Langanesbyggð

Berist til sveitarstjórnar

## Efni: Óskir ungmenna í umferðaröryggismálum

Við, undirrituð, óskum eftir að sveitarstjórn taki til formlegrar afgreiðslu óskir okkar til bættis umferðaröryggis í okkar sveitarfélagi.

Erindi þetta er hluti af vinnu okkar á Ungmennapingi SSNE 2024 og er unnið í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaga sem voru á ungmennapínginu og starfsfólk SSNE.

Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitarstjórnarfólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa hagsmuni ungmenna að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar. Erindið er liður í að valdefla ungt fólk og er gert til að hvetja sveitarstjórn áfram á þeirra vegferð að byggja upp umhverfið með hugmyndum og þörfum ungs fólks í huga.

**Við óskum þess að þið takið eftirfarandi tillögur okkar alvarlega. Þær eru einlægar óskir okkar til að bæta umferðaröryggi ungmenna.**

1. Lagðar verði gangstéttar á Bakkafirði meðfram Hafnartanga, Miðvangi, Brekkustíg og Skólagötu (sjá kort 1).
2. Gerðir verði nýjir göngu- og hjólastígar á Bakkafirði meðfram fjörunni og til að tengja öruggar gönguleiðir betur við grunnskólann (sjá kort 1).
3. Gerðar verði upphækkaðar göngupveranir við helstu gatnamót á Bakkafirði (sjá skýringarmyndir aftast).
4. Lagður verði öruggur göngustígur frá innkomu inn í Þórshöfn og upp að hestavegi (sjá kort 2).
5. Tengja saman Miðholt og Austurveg á Þórshöfn með göngustíg ásamt göngustíg umhverfis íþróttavöllin við Pálmholt (sjá kort 2).
6. Ljósastaurar verði settir upp í Miðholtið að tjaldsvæðinu á Þórshöfn til að bæta öryggi gangandi vegfarenda (sjá kort 2).
7. Gangstígur verði lagður upp að Fossá á Þórshöfn (sjá kort 2).
8. Aðalgatnamótin á Þórshöfn verði lagfærð fyrir gangandi og hjólandi með styttri og upphækkuðum göngupverunum (sjá kort 2 og skýringarmyndir).
9. Akbrautir á Langanesvegi á Þórshöfn verði þrengdar með því að breikka gangstéttar í 3 metra og umferðarhraði lækkaður (sjá kort 2 og skýringarmyndir).
10. Reiðstígur verði gerður norður úr enda Miðholts meðfram Hafnarlæk, að S-Lóni og aftur til baka á Þórshöfn.

Móttöku þessa bréfs má staðfesta á eftirfarandi netfang [sigurbjorn.veigar.fridgeirsson@thorshofn.is](mailto:sigurbjorn.veigar.fridgeirsson@thorshofn.is) og við óskum þess að þegar þar að kemur þá verður formleg afgreiðsla á erindinu einnig send á sama netfang.

Virðingarfyllt.

***Kristín Svala Eggertsdóttir,***

***Hólmfríður Katrín Jónsdóttir,***

***Ása Margrét Sigurðardóttir,***

***Guðrún Petra Jónsdóttir***

Kort 1. Bakkafjörður



Kort 2. Þórshöfn







Eftirfarandi skýringarmyndir eru úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um „**Mannlíf, byggð og bæjarrými**“ sem við lærðum um á Ungmennapínginu og teljum að þurfi að útfæra á Bakkafirði og Þórshöfn.



Þegar gangstéttin heldur áfram í sömu hæð yfir götuna þarf bíllinn að hægja á sér og því verða börn og ungmenni öruggari



Hér eru gangstéttar 3m breiðar, hjólastígur er aðskildur, pláss er til að leggja hjóli við hjólaboga og allir fá nægt pláss.



Svona er hægt að gera öruggar íbúagötur með því að breyta þeim í vistgötu sem er einungis 5 metra breið og með gangstétt sem er 3 metra breið. Hámarkshraði yrði þá 15 km. Þá er líka pláss fyrir flottan gróður.

Við viljum að allar gönguleiðir séu sem stystar og gerðar þannig að þær séu öruggar fyrir okkur.

Gott væri að byrja á gönguleiðum ungmenna í kringum skóla.

